

Úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði fyrir 2026

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Suðurnesjum. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja er samkeppnissjóður og bærust umsóknir í 64 verkefni í ár sem valið var úr. Auglýst er opinberlega eftir umsóknum og þær metnar út frá markmiðum og áherslum sem fram koma í Sóknaráætlun Suðurnesja.

Úthlutunarhátíð var haldin í Stapa í Hljómahöll föstudaginn 21. nóvember. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs úthlutaði alls 53 milljónum til 43 verkefna. Þar af hlutu 3 verkefni frá Reykjanesbæ styrk úr sjóðnum, samtals 3,7 milljónir og 3 samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum samtals 5,25 milljónir.

Skrásetning munnlegra heimilda um rokksöguna.

Verkefnið felst í að taka viðtöl við einstaklinga sem annað hvort voru hluti af íslenski popp- og rokksögu eða eiga minningar tengdar tónlistarupplifun. Ólíkt hefðbundnum nálgunum verður áherslan á áheyrendur og upplifun þeirra. Stefnt er að 20 viðtölum sem verða varðveitt í Byggðasafni Reykjanesbæjar og sýnd í nýrri sýningu Rokksafns Íslands í Hljómahöll í mars 2026.

Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð kr. 800.000.

Barnamenning í Reykjanesbæ.

BAUN: Barnamenningarhátíð í Reykjanesbæ er samstarfsverkefni menningarfulltrúa og menningarstofnana Reykjanesbæjar, allra 12 leikskóla bæjarins, allra 7 grunnskólanna, Fjörheima og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það má því segja að BAUN snerti með einum eða öðrum hætti flestar fjölskyldur á svæðinu. BAUN er hattur yfir fjölmörg verkefni sem líta dagsins ljós á sérstakri hátíð tileinkaðri fjölbreyttri menningu barna og ungmenna.

Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð kr. 2.500.000

Endurheimt – björgun og skráning verka.

Listasafn Reykjanesbæjar tók við verkum Vilhjálms Bergssonar (f. 1937) sem bjargað var úr húsi hans í Grindavík 2023. Safnið varðveitir nú verkin, sem eru í misjöfnu ástandi og krefjast umfangsmikillar skráningar, þrifa og forvörslu. Ævistarf Vilhjálms er merkilegt vitnisburð um íslenska myndlist 20. aldar og verkefnið tryggir varðveislu og rannsókn á þeim arfi til framtíðar.

Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð kr. 400.000

Kynning á bókmenntaarfinum.

Markmið verkefnisins er að kynna bókmenntaarfinn, minna á gamla og góða höfunda og bókmenntaverk, kynna yngri höfunda og verk þeirra, leggja áherslu á læsi og mikilvægi lesturs og auka með því þekkingu almennings á bókmenntum og töfraheimi þeirra og efla

um leið menningarlífið á svæðinu.

Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð kr.1.000.000.

Virkniþing Suðurnesja.

Virkniþing Suðurnesja er viðburður sem sveitarfélögin á Suðurnesjum standa fyrir. Yfir 30 aðilar frá félagasamtökum, íþróttafélögum, ríki og sveitarfélögum verða með kynningarbása um framboð þeirra á virkni og tómstundum á Suðurnesjum. Virkniþingið er hugsað fyrir öll þau sem starfa með íbúum á svæðinu og sérstaklega þau sem veita íbúum utan vinnumarkaðar ráðgjöf og stuðning. Virkniþingið er engu að síður opið öllum íbúum þar sem má sjá fjölbreytt framboð á virkni á Suðurnesjum.

Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð kr. 750.000.

Menningarverkefnið Safnahelgi Suðurnesja er á þriggja ára samningi og fær nú úthlutað annað ár samningsins eða kr 3.500.000.